

Starfsreglur úthlutunarnefndar SSNE

Í samþykktum SSNE er kveðið á um skipun, hæfi og hlutverk úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs SSNE.

1. Hlutverk úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs

Hlutverk úthlutunarnefndar er yfirferð umsókna um styrki til Uppbyggingarsjóðs og val á verkefnum, á grundvelli faglegs mats, sem styrkt verða í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Við úthlutun styrkja skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum.

2. Hámarks skipunartími

Nefndarmenn eru skipaðir af stjórn til tveggja ára í senn. Að jafnaði skal sami einstaklingur ekki sitja lengur en þrjú skipunartímabil samfellt. Þó skal tryggt að ávallt séu þeir í nefndinni sem setið hafa þar áður.

3. Hlutverk formanns

Formaður úthlutunarnefndar kemur fram fyrir hönd hennar, þ.á.m. gagnvart stjórn SSNE og framkvæmdastjóra.

Formaður ber meginábyrgð á verklagi nefndarinnar og skal sjá til þess að hún fái sinnt hlutverki sínu með virkum hætti og að nefndarmenn séu upplýstir um þau mál sem til umfjöllunar eru hjá nefndinni á hverjum tíma.

Formaður tekur ákvörðun um fjölda og tímasetningu funda nefndarinnar og skulu þeir vera í samræmi við starfsáætlun. Formaður ber jafnframt ábyrgð á að útgjöld SSNE vegna vinnu nefndarinnar sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Formaður stýrir úthlutunarfundum og gerir dagskrá funda. Hann skal jafnframt upplýsa stjórnarformann og framkvæmdastjóra SSNE um fyrirhuguð störf nefndarinnar.

Formaður úthlutunarnefndar skal tryggja að á fundum hennar sé nægilegur tími gefinn til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.

Formaður úthlutunarnefndar þarf að gæta þess að allir nefndarmenn fái sömu upplýsingar.

4. Undirbúningur, boðun, dagskrá og framkvæmd funda

Formaður, eða verkefnastjóri hjá SSNE í umboði hans, boðar til fundar og skal fundarboð berast nefndarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg teljast til þess að nefndin geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem eru á dagskrá fundar.

Fundir úthlutunarnefndar eru að jafnaði haldnir með rafrænum hætti.

Formaður nefndarinnar hefur í einstaka tilvikum heimild til að boða til skyndifundar með skemmri fyrirvara en starfsreglurnar kveða á um, enda sé það mat hans að málefni sem ræða skal á fundinum þoli ekki bið. Með samþykki úthlutunarnefndar er formanni heimilt að boða ólaunaða fundi til viðbótar skipulögðum fundum. Milli funda mega minniháttar ákvarðanir sem snúa að umsóknum eða samningum vera afgreiddar með rafrænum hætti.

6. Ályktunarhæfi

Til að úthlutunarnefndin sé bær til að taka ákvarðanir þurfa allir nefndarmenn að hafa fengið fundarboð í samræmi við ákvæði hér að framan og að meirihluti nefndarinnar sé mættur.

Einfaldan meirihluta þarf til samþykkis úthlutunartillögu. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

7. Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Formaður nefndarinnar skal upplýsa stjórn SSNE ef mögulegur hagsmunaárekstur kann að vera til staðar í tengslum við menn og málefni er tengjast umfjöllun og starfsemi nefndarinnar.

9. Upplýsingagjöf til stjórnar

Úthlutunarnefnd skal semja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár þar sem kveðið skal á um dag- og tímasetningar funda og dagskrá þeirra. Áætlanirnar skulu samþykktar af stjórn SSNE.

Niðurstöður nefndarinnar að úthlutun úr Uppbyggingarsjóði skulu lagðar fram til staðfestingar á stjórnarfundum SSNE. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir starfi nefndarinnar og verklagi.

10. Samskipti við starfsmenn og stjórnarmenn SSNE

Á fundum úthlutunarnefndar sitja verkefnisstjórar SSNE sem vinna við umsýslu sjóðsins.

11. Trúnaður og meðferð gagna

Þagmælsku skal gætt innan úthlutunarnefndar og óheimilt er að greina frá þeim atriðum sem leynt skulu fara. Meðlimir úthlutunarnefndar skuldbinda sig til að eyða öllum gögnum sem þau hafa aðgang að vegna vinnu sinnar í úthlutunarnefnd eigi síðar en 90 dögum eftir að tilkynnt hefur verið um úthlutun úr sjóðnum hvert ár.

Samþykkt af stjórn SSNE, 4. september 2025